

Gunnsteinn Gíslason við múrristu á vinnustofu sinni.

LÍFSORKA Í STEINSTEYPU

Gunnsteinn Gíslason hefur lagt stund á þá tækni í myndlist, sem nefnd er múrrista. Hér segir frá list Gunnsteins í tilefni sýningar hans, sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag


EFTIR GUNNAR B. KVARAN

Gunnsteinn Gíslason vakti athygli er hann kom fram með sýningu á múrristum á Kjarvalsstöðum árið 1982. Þetta var fyrsta einkasýning listamannsins, en hann hafði þá unnið í nokkur ár að þessari myndgerð, sem á ítölsku nefnist sgraffiato og saman stendur af lituðum múrlögum, sem lögð eru á vírbindingu og gróft undirlag. Listamaðurinn ristir síðan teikninguna misdjúpt í múrinn til að ná ólíkum litbrigðum upp á yfirborðið.

Þótt múrristan sé nýstárleg aðferð til myndgerðar fyrir okkur Íslendinga er þetta ævagömul tækni. Fyrstu minjar af múristum eru frá 13. öld og líklegt er að handiðnaðarmenn hafi þekkt þessa aðferð enn fyrr. Á Endurreisnartímanum var múristan notuð til jafns við freskóaðferðina, líkt og mörg fögur dæmi á Ítalíu vitna um. Þessi myndgerð féll síðan nánast í gleymsku í nokkrar aldir eða allt fram á seinni hluta 19. aldar, þegar hún var endurvakin og á þessari öld hefur það mjög færst í vöxt að myndlistarmenn nýti sér þessa varanlegu sköpunaraðferð.

Gunnsteinn Gíslason fæddist árið 1946. Á árunum 1963—67 stundaði hann nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands í kennaradeild og frjálsri myndlist. Hann dvaldi um tveggja ára skeið í Edinburgh College of art og lagði sérstaka stund á glerhönnun og veggmyndagerð. Til Svíþjóðar fór Gunnsteinn árið 1972 og nam kennslufræði við Konstfackskolan. Þaðan lauk hann prófi árið 1975. Auk þess að stunda listsköpun hefur Gunnsteinn kennt við Fjölbrautaskólann í Breiðholti og Myndlista- og handíðaskólann.

Gunnsteinn Gíslason er því einn þeirra listamanna sem stunduðu nám í 7. áratugnum, þegar framsæknir listamenn settu afgerandi spurningarmerki við listhugtakið og leiddu inn ný efni og aðferðir til listsköpunar. Á þessum tíma stóðu því ungir listamenn, kannski fremur en nokkru sinni fyrr, andspænis vali á milli hefðbundinna aðferða eða þess að leita inn á óþekkt mið og í raun finna upp sinn eigin tjáningarmiðil. Gunnsteinn Gíslason hélt sér við hefðina og leitaði fanga langt aftur í söguna. Gunnsteinn er eini Íslendingurinn sem unnið hefur markvisst með múristur. Síðastliðinn áratug hefur hann gert hefur hann gert tilraunir með ólíkar formgerðir og kannað möguleika miðilsins. Þegar litið er yfir þennan tíma má vel greina einar þrjár formgerðir, sem hafa verið hvað mest áberandi í listsköpun Gunnsteins. Fyrst er að nefna myndgerð, sem stendur einna næst hefðbundnu málverki. Listamaðurinn heldur hinum hefðbundna myndramma og samfelldri frásögn. Eru þetta yfirleitt kyrrlátar og ljóðrænar náttúrustemmningar, líkt og við höfum kynnst í verkinu í Gegnum loftmúrinn frá árinu 1984. Fuglinn klýfur loftstrauminn og formin, sem endurtekin eru yfir myndflötinn, ríma við form fuglsins. Í annari formgerð deilir listamaðurinn myndfletinum upp í geometríska einingar, sem heldur myndbyggingunni í fullkomnu jafnvægi samtímis sem hin geometríska grind virðist hafa það hlutverk að riðla staðar- og tímaeiningu myndefnisins. Þessi formgerð getur oft leitt af sér nánast óhlutlægar myndir, líkt og við sjáum í verkinu Ferningsleikur frá árinu 1981. Þriðja myndgerðin er vafalítið sú framsæknasta og frumlegasta hjá listamanninum. Þar riftir listamaðurinn hinum ferhyrnta myndramma, leysir upp form og hluti og framkallar ærslafulla hreyfingu, sem minnir um margt á sundurgreiningu og formskrift fútúrismans. Í þessum myndum afmarkast myndramminn af innri formum myndverksins, formum, sem listamaðurinn hefur frelsað frá myndfletinum, umbreytt og sundurgreint í sína frumkrafta. Það er því ekki ímyndin af einhverjum hlut eða fyrirbæri sem listamaðurinn vill miðla heldur fyrst og fremst sú orka sem í hlutnum býr. Þessi vilji listamannsins til að framkalla þróttmikla spennu og hreyfingu á myndfletinum hefur beint augum hans að fljúgandi fyrirbærum, einkum fuglum og fígúrum, sem hafa verið losaðar undan jarðneskum veruleika og athafna sig



Ferningsleikur, 1981.